

EES-STOFNANIR

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

TILMÆLI RÁÐSINS

2020/EES/73/01

frá 15. mars 2018

um evrópskan ramma um gæði og skilvirkni samningsbundins náms

2018/C 153/01 (*)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 166. gr. (4. mgr.) og 292. gr., í tengslum við 153. gr. (2. mgr.) og 153 gr. (b-liður 1. mgr.),

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Gæði og skilvirkni samningsbundins náms sem miðar að því að sameina starfstengda færni, starfsreynslu og nám, sem og lykilhæfni, auðveldar ungu fólki að koma inn á vinnumarkaðinn og fullorðnum við að þróa áfram starfsferil sinn og að komast í atvinnu. Samningsbundið nám er hluti af formlegum starfsmenntunarkerfum og er samhliða öðrum náms- og/eða starfsmenntunarleiðum á vinnustað.
- 2) Vel útfært kerfi samningsbundins náms kemur bæði vinnuveitendum og nemum til góða og styrkir tengslin milli atvinnulífs og menntunar og þjálfunar. Með því að gera miklar kröfur um gæði er hægt að komast hjá því að samningsbundnu námi sé beint að störfum sem krefjast lítillar færni og lítillar þjálfunar sem skaðar orðspor námsins. Samningsbundið nám af miklum gæðum getur, auk þess að vera leið til að skara fram úr, stuðlað að því að efla virka þátttöku borgaranna og að félagslegri aðild með því að veita fólki með ólíkan félagslegan og persónubundinn bakgrunn aðgang að vinnumarkaðnum.
- 3) Gæði og skilvirkni samningsbundins náms myndast með skipulegu samstarfi sem tekur til allra viðeigandi hagsmunaaðila, einkum aðila vinnumarkaðarins, fyrirtækja, milliliða s.s. iðnaðar-, verslunar- og iðngreinaráða, samtaka faggreina og starfsgreina í ákveðnum geirum, starfsmenntastofnana, æskulýðs- og foreldrasamtaka, sem og staðbundinna, svæðisbundinna og landsbundinna yfirvalda. Allt frá 2013 hefur framkvæmdastjórnin, í samvinnu við aðildarríkin og viðeigandi hagsmunaaðila, eflt framboð, gæði og ímynd samningsbundins náms með hjálp Evrópusamtakanna um samningsbundið nám, sem hafa til þessa sett fram yfir 700 000 tilboð um samningsbundið nám, starfsþjálfun eða tilboð um fyrsta starf. Framtaksverkefni á vegum fyrirtækja á borð við Evrópusamninginn um æskulýðsmál hafa leitt til fleiri boða og aðstoðað við að efla samstarfsverkefni milli atvinnulífs og menntastofnana alls staðar í Sambandinu.
- 4) Heildarsamtök aðila vinnumarkaðarins í Evrópu hafa safnað gögnum, með áherslu á gæði og kostnaðarhagkvæmni samningsbundins náms, með því að vinna samhliða og sameiginlegri yfirlýsingu sinni með heitinu „Í átt að sameiginlegri sýn á samningsbundið nám“ frá júní 2016 sem var grundvöllur álits um „sameiginlega sýn á gæði og skilvirkni samningsbundins náms og náms á vinnustað“ sem ráðgjafarnefndin um starfsmenntun (e. Advisory Committee on Vocational Training (ACVT)) samþykkti 2. desember 2016.
- 5) Framkvæmdastjórnin skipulagði tvisvar, 30. mars og 7. júní 2017, áheyrnarfundir með heildarsamtökum og sérgreina-samtökum aðila vinnumarkaðarins í Evrópu og verslunar-, iðnaðar- og iðngreinaráðum í þeim tilgangi að tryggja enn öflugri og víðtækari þátttöku hagsmunaaðila.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjórið. ESB C 153, 2.5.2018, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegru EES-nefndarinnar nr. 221/2018 frá 26. október 2018 um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn, um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins (bíður birtingar).

- 6) Evrópski viðmiðaramminn um menntun og hæfi (EQF), sem var fyrst komið á árið 2008 og endurskoðaður 2017 ⁽¹⁾, bætir gagnsæi, samanburðarhæfi og flytjanleika menntunar og hæfis borgara, þ.m.t. lærlinga.
- 7) Með tilmælum Evrópuþingsins og ráðsins frá 18. júní 2009 um evrópskan viðmiðunarramma til að tryggja gæði starfsmenntunar (EQAVET) ⁽²⁾ var komið á fót viðmiðunartæki sem gagnast aðildarríkjum við að stuðla að og fylgjast með stöðugum úrbótum í starfsmenntunarkerfum sínum.
- 8) Í Evrópusáttmálanum um gæðamál fyrir starfsnám og samningsbundið nám frá 2012 hvatti Evrópuráðið um málefni ungs fólks Evrópulönd, evrópskar stofnanir og aðila vinnumarkaðarins til að koma á fót eða efla lagalega gæðaramma fyrir samningsbundið nám.
- 9) Í tilmælum ráðsins frá 22. apríl 2013 um að koma á fót atvinnuþryggingu fyrir unga fólk (e. Youth Guarantee) ⁽³⁾ er mælt til þess að aðildarríki tryggi að allt ungt fólk undir 25 ára aldri fái gott tilboð um atvinnu, áframhaldandi nám, samningsbundið nám eða starfsþjálfun innan fjögurra mánaða frá því að þau verða atvinnulaus eða ljúka formlegu námi.
- 10) Í sameiginlegri yfirlýsingu við stofnun Evrópusamtaka um samningsbundið nám 2. júlí 2013 skuldbundu aðilar vinnumarkaðarins í Evrópu, framkvæmdastjórn Evrópusambandsins og formennskuríki leiðtogaráðsins, Litháen, sig til að stuðla að auknu framboði, gæðum og aðdráttarafli samningsbundins náms.
- 11) Í yfirlýsingu ráðsins um Evrópusamtökin um samningsbundið nám frá 15. október 2013 var áréttað að ýta skyldi undir skilvirkni og aðdráttarafli samningsbundins náms með því að sjá til þess að það fylgdi nokkrum sameiginlegum leiðbeinandi meginreglum.
- 12) Með tilmælum ráðsins um gæðaramma fyrir starfsþjálfun ⁽⁴⁾, sem voru samþykkt 10. mars 2014, voru nokkrar meginreglur innleiddar til að auka gæði starfsþjálfunar sem fellur utan formlegrar menntunar og þjálfunar.
- 13) Innan ramma Kaupmannahafnarferlisins fyrir Evrópusamstarf um starfsmenntun var í niðurstöðum fundar í Ríga 22. júní 2015, sem ráðherrar starfsmenntunarmála árituðu, ákveðið að gera hvers kyns nám á vinnustað, með sérstakri áherslu á samningsbundið nám, ásamt þróun gæðatryggingakerfa, að tveimur af fimm evrópskum forgangsverkefnum á tímabilinu 2015-2020.
- 14) Vinnuhópur um starfsmenntun innan ramma Evrópusamstarfs á sviði menntunar og þjálfunar (e. Education and Training 2020) þróaði 20 leiðbeinandi meginreglur um mjög skilvirkt samningsbundið nám og nám á vinnustað á skipunartíma sínum 2014-2015.
- 15) Í skýrslu Evrópuþingsins um Erasmus+ áætlunina og aðrar leiðir til að stuðla að hreyfanleika á sviði starfsmenntunar, með áherslu á ævinám frá 4. mars 2016, var lögð áhersla á að gerðar yrðu ráðstafanir til að tryggja gæðastaðla fyrir samningsbundið nám.
- 16) Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/589 ⁽⁵⁾ er mælt fyrir um að heimilt sé að auglýsa frá maí 2018 samningsbundið nám sem er byggt á ráðningarsamningi á vefgáttinni fyrir hreyfanleika á vinnumarkaði (EURES-vefgáttinni).
- 17) Í orðsendingu sinni frá 10. júní 2016 með yfirskriftinni „Áætlun um nýja færni fyrir Evrópu“ lagði framkvæmdastjórnin áherslu á stuðning sinn við að aðilar vinnumarkaðarins þróaðu áfram niðurstöður sameiginlegra verkefna sinna, t.d. með því að koma á fót gæðaramma fyrir samningsbundið nám.
- 18) Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar „Fjárfest í æskulýð Evrópu“ frá 7. desember 2016 ⁽⁶⁾ var kallað eftir nýju átaki til að styðja ungt fólk til að standa sem best að vígi í lífinu með því að fjárfesta í þekkingu þeirra, færni og reynslu og hjálpa því við að finna eða mennta sig fyrir fyrsta starf. Markmiðið var að hjálpa ungu fólk til að grípa tækifæri, aðlagast þjóðfélaginu vel, verða virkir borgarar og vinna að farsælli starfsævi, m.a. með því að nota gæðaramma þar sem tilgreindar eru helstu meginreglur kerfis samningsbundins náms.
- 19) Í Rómaryfirlýsingunni frá 25. mars 2017 er sett fram áskorun um að vinna að Sambandi þar sem ungt fólk öðlast bestu menntun og þjálfun og getur stundað nám og fundið störf víðsvegar um álfuna.

⁽¹⁾ Stjtuð. ESB C 189, 15.6.2017, bls. 15.

⁽²⁾ Stjtuð. ESB C 155, 8.7.2009, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtuð. ESB C 120, 26.4.2013, bls. 1.

⁽⁴⁾ Stjtuð. ESB C 88, 27.3.2014, bls. 1.

⁽⁵⁾ Stjtuð. ESB L 107, 22.4.2016, bls. 1.

⁽⁶⁾ COM(2016) 940, lokagerð.

- 20) Í Evrópustofu félagslegra réttinda, sem tilkynnt var um 17. nóvember 2017, eru settar fram ýmsar meginreglur til stuðnings réttlátum og skilvirkum vinnumörkuðum og velferðarkerfum, m.a. rétturinn til menntunar og þjálfunar af miklum gæðum fyrir alla, til að unnt sé að tryggja færni og hæfni sem skipta máli fyrir atvinnulífið og þátttöku í samfélaginu.
- 21) Tillaga framkvæmdastjórnarinnar að tilmælum ráðsins um fylgja eftir ferli þeirra sem lokið hafa námi, sem var samþykkt 30. maí 2017, miðar að því að bæta aðgengi að eigindlegum og meginlegum upplýsingum um hvað brautskráðir einstaklingar, þ.m.t. lærlingar, gera eftir að þeir hafa lokið menntun sinni og þjálfun.
- 22) Uppbyggingar- og fjárfestingarsjóðir Evrópu (2014-2020), nánar tiltekið Félagsmálasjóður Evrópu og Byggaþróunarsjóður Evrópu, sem og Erasmus+ áætlunin, áætlun Sambandsins um samkeppnishæfni fyrirtækja og lítilla og meðalstórra fyrirtækja, áætlun Sambandsins um atvinnumál og félagslega nýsköpun og framtaksverkefnið um atvinnumál unga fólksins styðja við samningsbundið nám.
- 23) Nýlega hvöttu Evrópuþingið og hagsmunaaðilar framkvæmdastjórnina til að efla langtímahreyfanleika lærlinga alls staðar í Evrópu og veita ungu fólki tækifæri til að þróa bæði starfstengda færni og lykilhæfni. Framkvæmdastjórnin brást við með því að innleiða nýja starfsemi í Erasmus+ áætlunina undir heitinu Erasmus Pro sem styrkir sérstaklega lengri dvöl vegna starfsþjálfunar erlendis.
- 24) Í skýrslum sínum um atvinnuþryggingu fyrir unga fólkið frá 2015 og 2017 mæltist Endurskoðunarrettur Evrópusambandsins til þess að framkvæmdastjórnin þróaði gæðaviðmiðanir fyrir samningsbundið nám og önnur boð sem studd eru innan ramma þessa framtaksverkefnis.
- 25) Sameiginlegur skilningur aðildarríkjanna á gæðum og skilvirkni samningsbundins náms styður viðleitni þeirra til að endurbæta og nútímavæða kerfi samningsbundins náms sem bjóða upp á framúrskarandi nám og starfsþróun. Sameiginlegur skilningur stuðlar að því að auka gagnkvæmt traust og greiðir þannig fyrir hreyfanleika lærlinga yfir landamæri.
- 26) Meginmarkmið þessara tilmæla er að auka ráðningarahæfi og persónulegan þroska lærlinga og stuðla að því að þróa mjög hæft og menntað vinnuafli sem mætir þörfum vinnumarkaðarins.
- 27) Sérþæki markmiðið er að mynda samræmdan ramma um samningsbundið nám sem byggist á sameiginlegum skilningi á því hvað skilgreinir gæði og skilvirkni, með tilliti til fjölbreytni og hefða starfsmenntunarkerfa og forgangsroðunar við stefnumótun í hinum ýmsu aðildarríkjum.
- 28) Þessi tilmæli hafa ekki áhrif á valdheimildir aðildarríkjanna til að viðhalda eða setja ákvæði um samningsbundið nám sem ganga lengra en þau sem tilmæli þessi taka til né heldur á að viðhalda eða þróa annars konar nám á vinnustað og/eða starfsmenntun sem fellur utan gildissviðs tilmællanna og beita þar, að fullu eða að hluta til, þeim viðmiðunum sem settar eru fram hér á eftir.

SAMÞYKKT TILMÆLI ÞESSI:

Aðildarríkin ættu, í samræmi við landslög og í náinni samvinnu við hagsmunaaðila, að tryggja að kerfi samningsbundins náms mæti þörfum vinnumarkaðarins og sé til ávinnings fyrir bæði nema og vinnuveitendur, með því að byggja á þeim viðmiðunum um gæði og skilvirkni samningsbundins náms sem settar eru fram hér á eftir.

Í þessum tilmælum og með fyrirvara um landsbundna hugtakanotkun er litið á hugtakið samningsbundið nám sem formlegt starfsmenntunarkerfi sem:

- a) sameinar nám í mennta- eða námsstofnunum og umtalsvert nám á vinnustað í fyrirtækjum og á öðrum vinnustöðum,
- b) veitir staðfestingu á menntun og hæfi sem er viðurkennt á landsvísu,
- c) byggist á samningi sem skilgreinir réttindi og skyldur nemans, vinnuveitandans og, eftir því sem við á, starfsmenntastofnunarinnar og
- d) þar sem nemi fær greiðslur eða annars konar umbun fyrir vinnuþáttinn.

Viðmiðanir varðandi náms- og vinnuskilyrði*Skriflegir samningar*

1. Áður en samningsbundið nám hefst ætti að gera skriflegan samning þar sem skilgreind eru réttindi og skyldur lærlingsins, vinnuveitandans og, eftir því sem við á, starfsmenntastofnunarinnar, í tengslum við náms- og vinnuskilyrði.

Hæfniviðmið

2. Vinnuveitendur og starfsmenntastofnanir og, eftir því sem við á, stéttarfélag ættu að koma sér saman um röð ítarlegra hæfniviðmiða sem eru skilgreind í samræmi við landslög. Þetta ætti að tryggja jafnvægi milli starfstengdrar færni, þekkingar og lykilhæfni til að stunda ævinám sem styður bæði persónulegan þroska og atvinnutækifæri nemanna alla ævi og aðlögun að breytingum á starfsferlinum.

Kennslufræðilegur stuðningur

3. Tilnefna ætti þjálfara á vinnustöðum, sem skulu eiga náið samstarf við starfsmenntastofnanir og kennara til að veita lærlingum leiðsögn og tryggja gagnkvæma og reglubundna endurgjöf. Kennarar, þjálfarar og leiðbeinendur, einkum í örfyrirtækjum og litlum og meðalstórum fyrirtækjum, ættu að fá stuðning til að uppfæra færni sína, þekkingu og hæfni til þess að þjálfa lærlinga samkvæmt nýjustu kennslu- og þjálfunaraðferðum og þörfum vinnumarkaðarins.

Þáttur sem fer fram á vinnustað

4. Verulegur hluti samningsbundins náms, þ.e.a.s. minnst helmingur þess, ætti að fara fram á vinnustaðnum og fela í sér tækifæri, þar sem mögulegt er, til að öðlast hluta reynslunnar á vinnustað erlendis. Að teknu tilliti til fjölbreytilegra kerfa í aðildarríkjunum er stefnt að því að smám saman aukist sá hluti samningsbundins náms sem fram fer á vinnustað.

Greiðsla og/eða umbun

5. Lærlingar ættu að fá greiðslu eða annars konar umbun, í samræmi við kröfur á landsvísu eða innan einstakra greina eða í kjarasamningum þar sem um slíka er að ræða, og að teknu tilliti til fyrirkomulags kostnaðarskiptingar milli vinnuveitenda og opinberra yfirvalda.

Félagsleg vernd

6. Lærlingar ættu að hafa rétt til félagslegrar verndar, m.a. nauðsynlegra trygginga í samræmi við landslöggið.

Vinnuskilyrði, heilbrigðis- og öryggisáðstæður

7. Gistivinnustaðurinn ætti að uppfylla viðeigandi reglur og reglugerðir um vinnuskilyrði, einkum löggjöf um heilbrigði og öryggi starfsfólks.

Viðmiðanir vegna rammaskilyrða*Reglurammi*

8. Skýr og samræmdur reglurammi ætti að vera fyrir hendi, byggður á sanngjarnri og réttlátri samstarfsnálgun, þ.m.t. skipulegum og gagnsæjum skoðanaskiptum milli allra viðkomandi hagsmunaaðila. Þetta getur falið í sér faggildingarferli fyrir fyrirtæki og vinnustaði sem bjóða samningsbundið nám og/eða aðrar gæðatryggingarráðstafanir.

Þátttaka aðila vinnumarkaðarins

9. Aðilar vinnumarkaðarins, þ.m.t., ef við á, innan sérgreina og/eða milliliðir, ættu að taka þátt í hönnun, stjórnun og framkvæmd kerfa samningsbundins náms, í samræmi við samskiptakerfi aðila vinnumarkaðarins og starfsvenjur á sviði menntunar og þjálfunar.

Stuðningur við fyrirtæki

10. Gera ætti ráð fyrir fjárhagslegum stuðningi og/eða stuðningi öðrum en fjárhagslegum stuðningi, einkum við örfyrirtæki og lítil og meðalstór fyrirtæki, sem gerir fyrirtækjum kleift að bjóða kostnaðarhagkvæmt samningsbundið nám, að teknu tilliti til fyrirkomulags vegna kostnaðarskiptingar, þegar við á, milli vinnuveitenda og opinberra yfirvalda.

Sveigjanleg framvinda og hreyfanleiki

11. Til að greiða fyrir aðgangi að samningsbundnu námi ættu inntökukröfur að taka tillit til viðeigandi formlausss og óformlegs náms og/eða undirbúningsnáms sem lokið er, ef við á. Fella ætti menntun og hæfi sem fæst með samningsbundnu námi inn í ramma um menntun og hæfi sem eru viðurkenndir á landsvísu og vísa í evrópska viðmiðarammann um menntun og hæfi ⁽¹⁾. Samningsbundið nám ætti að veita aðgang að öðrum námstækifærum, einnig á æðri menntunar- og þjálfunarstigum, leiðum til starfsframa og/eða, ef við á, til söfnunar eininga hæfniviðmiða. Stig af stigi ætti að stuðla að hreyfanleika lærlinga milli landa, annaðhvort á vinnustöðum eða í mennta- og námsstofnunum, sem liðar í menntun og hæfi samningsbundins náms.

Starfsráðgjöf og vitundarvakning

12. Veita ætti starfsráðgjöf, leiðsögn og stuðning við nema áður en samningsbundið nám hefst og meðan á því stendur til að tryggja góðan árangur, koma í veg fyrir og draga úr brottfalli sem og til að styðja nema til endurkomu inn á viðeigandi menntunar- og þjálfunarleiðir. Kynna ætti samningsbundið nám sem áhugaverða námsleið með aðgerðum til vitundarvakningar sem beinast að breiðum markhópi.

Gagnsæi

13. Tryggja ætti gagnsæi og aðgang að samningsbundnu námi innan og milli aðildarríkjanna, þ.m.t. með stuðningi opinberra og einkarekinna vinnumiðlana sem og annarra viðeigandi aðila og, þegar við á, með því að nota verkfæri Sambandsins á borð við EURES, eins og kveðið er á um í EURES-reglugerðinni.

Gæðatrygging og ferlum lærlinga fylgt eftir

14. Til staðar ættu að vera aðferðir til gæðatryggingar, sem taka tillit til evrópska viðmiðunarrammans til að tryggja gæði starfsmenntunar (EQAVET) ⁽²⁾, þ.m.t. ferli sem leiðir til gilds og áreiðanlegs mats á námsárangri. Fylgja ætti eftir hvernig starfi og starfsþróun lærlinga vindur fram í samræmi við landslög og Evrópulöggjöf um gagnavernd.

Framkvæmd á landsvísu

Með tilliti til framkvæmdar þessara tilmæla ættu aðildarríkin, innan gildissviðs tilmælanna, að:

15. stuðla að virkri þátttöku aðila vinnumarkaðarins við hönnun, stjórnun og framkvæmd kerfa samningsbundins náms, í samræmi við samskiptakerfi aðila vinnumarkaðarins og skipulag menntunar og þjálfunar,
16. tryggja jafnan aðgang, stuðla að jöfnu hlutfalli kynjanna og takast á við mismunun í kerfum samningsbundins náms,
17. fella viðeigandi ráðstafanir til framkvæmdar inn í landsbundnar umbótaáætlanir Evrópuannarinnar (e. European Semester),
18. taka tillit til þessa ramma við þegar fjármagn og fjármögnunarleiðir Evrópusambandsins eru notuð til að styðja við samningsbundið nám.

Framkvæmdastjórnin ætti að veita nauðsynlegan stuðning, m.a. með eftirfarandi aðgerðum:

Stuðningsþjónusta

19. Að þróa stuðningsþjónustu til miðlunar á þekkingu, til tengslamyndunar og gagnkvæms lærdóms til að aðstoða aðildarríkin og viðkomandi hagsmunaaðila við framkvæmd kerfa samningsbundins náms í samræmi við þennan ramma. Þetta ætti að ná yfir þörf starfsmenntakennara og leiðbeinenda á frekari þjálfun að því er varðar stafrænar nýjungar í samningsbundnu námi.

Vitundarvakning

20. Að stuðla að framúrskarandi gæðum og aðdráttaraflí samningsbundins náms og gefa ungu fólki, fjölskyldum þeirra og vinnuveitendum jákvæða mynd af því með herferðum til vitundarvakningar á borð við Evrópsku starfsmenntavíkuna (e. European Vocational Skills Week).

⁽¹⁾ Stjútö. ESB C 189, 15.6.2017, bls. 15.

⁽²⁾ Stjútö. ESB C 155, 8.7.2009, bls. 1.

Fjármögnun

21. Að styðja við framkvæmd þessara tilmæla með viðeigandi fjármögnun Sambandsins, í samræmi við viðeigandi lagaramma.

Eftirfylgni

22. Að fylgjast með framkvæmd þessara tilmæla með stuðningi þríhliða ráðgjafarnefndar um starfsmenntun á grundvelli fyrirbyggjandi eftirlitsleiða sem notaðar eru innan ramma Evrópuannarinnar.

23. Að gefa ráðinu skýrslu um framkvæmd þessa ramma innan þriggja ára frá samþykkt hans.
